

86 ar og birtingar fyrir kaupmanni L. Popp, að með því að engin heimild er í lögnum til þess að endurgjalda toll af áfengum drykkjum, sem fluttir eru út úr landinu, og þar sem engar líkur, því síður sannanir, eru fram komnar fyrir því, að varan hafi skemmt á leiðinni hingað til lands, þá getur ofan nefnd beiðni hans ekki orðið tekin til greina.

87 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um endurgreiðslu á sykurtolli.— Þjer hafið, herra sýslumaður, með þóknanlegu brjefi dags., 5. júní þ. á., sent mjer beiðni verzlunarborgara Sigfúsar Jónssonar á Akureyri um að fá endurgoldinn toll af 507 pd. af sykri, sem hann fjeck með strandferðaskipinu Thyra 1. júní, en fóru í sjóinn og skemmdust við uppskipun, og hafið þjer látið í ljósi að sanngirni mæli með að hann fái endurgoldinu toll af 93 pd., en sykurviktin hafi rýrnað um við atvik þetta.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir Sigfúsi Jónssyni, að með því að lög Nr. 10., 9. ágúst 1889 ekki veita neina heimild til að endurgjalda toll af sykri, sem innheimtur hefur verið á löglegan hátt (sjá 2. gr. sbr. 3. gr. nefndra laga), þá getur ofan nefnd beiðni ekki orðið til greina tekin að neinu leyti.

88 Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurgreiðslu á útflutningsgjaldi af lýsi. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 17. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer beiðni verzlunarstjóra Jakobs Gunnlaugssonar Raufarhöfn um að fá endurgreitt útflutningsgjald af 42 tunnum af lýsi, er fluttar voru út með skipinu «Gránu» frá Raufarhöfn 12. maí f. á., með því að áður hafi verið greitt útflutningsgjald af lýsi þessu, þar sem það hafi verið hluti af farmi skipsins «Christine», sem strandaði við Raufarhöfn 1888, og hefur sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu vottað, að útflutningsgjald hafi verið greitt af öllu því lýsi, sem nefnt skip hafði meðferðis.

Útaf þessu skal yður hjer með til þóknanlegrar vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þjer birtið það fyrir hlutaðeiganda, að með því að útflutningsgjald ber að greiða af öllu því lýsi, sem flutt er út í skipum, sem afgreidd eru frá einhverri höfn á landinu, og með því að engin lagaheimild er til að endurborga rjettilega greitt útflutningsgjald, hvað sem um vöruna verður, eptir að skipið er afgreitt, sem hún er flutt út með, getur ofan nefnd beiðni ekki orðið tekin til greina, sbr. landsh. br. 20. febr. 1885. Stjtið. 1885, B. Nr. 19 bls. 28.

89

Ágrip

af reikningi landsbankans frá 1. apríl til 30. júní 1890.

	Tekjur:	Kr.	Kr.
1. Í sjóði 1. apríl			178140,71
2. Borguð lán:			
a. Fasteignarveðslán		4323,49	
b. Sjálfsskuldarábyrgðarlán		1196	
	Flyt:	5519,49	178140,71

	Kr.	Kr.	89
	Flutt:	5519,49	178140,71
c. Handveðslán		<u>375,00</u>	
			5894,49
3. Fasteign lögð bankanum út til eignar fyrir láni að upphæð			150,00
4. Víxlar innlestir			12688,00
5. Ávísanir innleystar			722,40
6. Vextir			3712,67
7. Disconto			582,19
8. Ýmislegar tekjur			668,70
9. Fasteignir tilheyrandi bankanum seldar			3450,00
10. Frá Landmandsbankanum			1644,30
11. Sparisjóðsinnlög			<u>47770,54</u>
	Tekjur alls		255425,00

Gjöld:

1. Lánað gegn:			
a. Fasteignarveði		20580,00	
b. Sjálfsskuldarábyrgð		9900,00	
c. Handveði		3900,00	
d. Ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.		<u>2100,00</u>	
			36480,00
2. Keyptir víxlar			41659,00
3. Keyptar ávísanir			1614,47
4. Til Landmandsbankans			1217,00
5. a. Útborgað af sparisjóðsinnl.		58543,70	
b. Dagvextir þar af		<u>124,95</u>	58668,65
6. Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)			1518,67
7. Ýmisleg útgjöld önnur			92,05
8. Til jafnaðar móti tekjulið 3			150,00
9. Í sjóði 30. júní			<u>114025,16</u>
	Gjöld alls		255425,00

Athugasemdir:

Hinn 30. júní 1890 átti bankinn

1. Skuldabryf fyrir lánnum:

a. Fasteignarveðskuldabryf	569952,79
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabryf	44248,01
c. Handveðskuldabryf	25643,75
d. Skuldabryf fyrir lánnum gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga o. fl.	<u>17044,80</u>

656889,35

Flyt:

656889,35

		Kr.
		Flutt: 656889,35
2. Önnur skuldabryf:		
a.	Kgl. ríkisskuldabryf	196200,00
b.	Skuldabryf Reykjavíkurkaupstaðar	1600,00
		<hr/> 197800,00
3.	Víxla	45546,00
4.	Ávísanir	2664,62
5.	Fasteignir útlagðar bankanum fyrir lánum að upphæð	1300,00
6.	Hjá Landmannsbankanum	1737,13
7.	Í sjóði	114025,16
		<hr/> Samtals 1019962,26
Seðlaskuld bankans til landsjóðs var 30. júní		
1890	430000,00
	Sparisjóðsinnlög s. d.	482990,00
	Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur s. d.	22871,15
	Varasjóður bankans 31. des. 1890	62330,40
	Ýmsar tekjur sem enn eru eigi lagðar við varasjóð	21770,26
		<hr/> Samtals 1019962,26

Stjórn landsbankans, Reykjavík 12. júlí 1890.

L. E. Sveinbjörnsson. Eiríkur Briem. B. Kristjánsson

Reikningur

yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins á Akureyri 1889.

Tekjur:		Kr.
1.	Eptirstöðvar frá f. á.	97,89
2.	Styrkur úr landssjóði	200,00
3.	— — jafnaðarsjóði	200,00
4.	Tillög frá notendum safnsins	52,00
5.	Aðrar tekjur	3,00
		<hr/> 552,89
Gjöld:		
1.	Fyrir bækur	215,36
2.	— bókband	12,15
3.	— bókasafnsstofuna (4. afborgun)	100,00
4.	Bókavardarlaun	50,08
5.	Annar kostnaður	21,18
6.	Eptirstöðvar til næsta árs	154,20
		<hr/> 552,89.

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 27. júní 1890.

J. Havsteen